

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 27. júní 2025.

Mál nr. 238/2025:

**Eydís Lára Franzdóttir og**

**Guðni Kjartan Franzson**

(Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður)

**gegn**

**Landsneti hf. og**

(Pórður Bogason lögmaður)

**íslenska ríkinu**

(Fanneý Rós Þorsteinsdóttir lögmaður)

## Lykilorð

Hæfi dómara. Sérfróður meðdómsmaður. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

## Útdráttur

E og GK kröfðust þess að G, sérfróður meðdómsmaður, viki sæti í máli þeirra gegn L og Í sökum vanhæfis en einnig á þeim grundvelli að hann skorti þá sérkunnáttu sem þyrfti til að leysa úr málsástæðum sem byggt væri á í málinu. Í úrskurði Landsréttar var menntun og starfsreynsla G rakin og komist að þeirri niðurstöðu að hann hefði til að bera þá sérkunnáttu sem þörf væri á til að leysa úr málinu en í þeim efnum var einnig litið til þess að G hefði tvívegis hlotið tilnefningu dómstólasýslunnar til að gegna starfi sérfróðs meðdómamanda sem rafmagnsverkfræðingur. Hvað hið sérstaka hæfi varðaði vísuðu E og GK til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og byggðu einkum á því að G væri vanhæfur til að fara með málið sökum þess að hann væri ríkisstarfsmaður. Landsréttur taldi þau tengsl G við Í sem E og GK hefðu borið við svo almenn að þau gætu ekki ein og sér leitt til þeirrar niðurstöðu að hann teldist vanhæfur. Þá féllst Landsréttur ekki á að slík tengsl væru á milli vinnuveitanda G og L að réttmætur vafi gæti talist vera fyrir hendi um óhlutdrægni hans í málinu. Kröfu E og GK var því hafnað.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarinn Kristinn Halldórsson, Eyvindur G. Gunnarsson, settur landsréttardómari, og Guðmundur Arnar Sigmundsson rafmagnsverkfræðingur kveða upp úrskurð í máli þessu.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjendur skutu málinu til Landsréttar 26. mars 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars 2025 í málinu nr. E-4348/2024.

- 2 Í þessum þætti málsins er til úrlausnar krafa áfrýjenda um að sérfróðum meðdómsmanni, Guðmundi Arnari Sigmundssyni, verði gert að víkja sæti sökum vanhæfis en einnig þess að hann skorti þá sérkunnáttu sem þurfi til að leysa úr málsástæðum sem byggt er á í málinu.
- 3 Stefndu krefjast þess að kröfu áfrýjenda verði hafnað. Þá krefst hvor þeirra fyrir sig málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins.

### **Málsatvik og önnur atvik**

- 4 Mál þetta hafa áfrýjendur höfðað í því skyni að ógilt verði ákvörðun umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra 21. júní 2024 um annars vegar heimild stefnda Landsnets hf. til að framkvæma eignarnám til ótímabundinna afnota vegna lagningar Suðurnesjalínu 2, 220 kV háspennulínu, á landi áfrýjenda, Landakoti, landnúmer 130865, og hins vegar um að í því skyni yrði nánar tiltekinni kvöð þinglýst á jörðina. Með hinum áfrýjaða dómi voru stefndu sýknaðir af kröfum áfrýjenda, sem eins og áður er getið skutu málinu til Landsréttar 26. mars 2025. Samhliða þessu máli eru rekin tvö samkynja mál, landsréttarmálin nr. 237/2025 og 239/2025, sem eigendur annarra jarða, sem áformað er að fyrrnefnd háspennulína liggi um, hafa höfðað gegn stefndu.
- 5 Málinu var úthlutað til landsréttardómarans Kristins Halldórssonar og Eyvindar G. Gunnarssonar, setts landsréttardómara, og með heimild í 2. gr. a laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ákvað forseti Landsréttar að sérfróður meðdómsmaður skyldi kvaddur til setu í dómi í málinu með dómurunum tveimur. Með tölvupósti 15. maí 2025 var lögmönnum aðila tilkynnt að Landsréttur hefði í hyggju að kveðja Guðmund Arnar Sigmundsson rafmagnsverkfræðing til setu í dómi sem sérfróðan meðdómsmann í málinu og í landsréttarmálunum nr. 237/2025 og 239/2025, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 91/1991, og aðilum gefinn kostur á gera athugasemdir við þau áform teldu þeir tilefni til.
- 6 Athugasemdir bárust frá lögmanni áfrýjenda 23. maí 2025 sem byggðu á því að hinn tilkvaddi sérfróði meðdómsmaður „[gæti] ekki talist óháður aðili“ og „að sérfræðikunnátta hans [væri] ágreiningsefninu óviðkomandi“. Hvað hið fyrrnefnda atriði varðaði var vísað til þess að meðdómsmaðurinn væri vanhæfur til að fara með málið í skilningi g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 þar sem hann gegndi stöðu forstöðumanns netöryggissveitar Fjarskiptastofu, sem væri ríkisstofnun. Sú staðreynd að forstöðumaður ríkisstofnunar hefði verið kvaddur til setu í dómi sem sérfróður meðdómsmaður í máli sem beindist gegn íslenska ríkinu gæti með réttu vakið upp vafa um óhlutdrægni hans í skilningi fyrrgreinds ákvæðis laga nr. 91/1991, 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Varðandi hið síðarnefnda var vísað til þess að ekkert hefði komið fram um að meðdómsmaðurinn hefði sérþekkingu eða reynslu af háspennulínum og jarðstrengjum í flutningskerfi raforku. Jafnframt yrði ekki séð hvernig sérfræðikunnátta í fjarskiptum tengdist sakarefninu eða hvers vegna þörf væri á slíkri sérfræðikunnáttu í skilningi 2. gr. a laga nr. 91/1991. Enn fremur kom fram í erindi

áfrýjenda að þeir teldu meiri ávinning af því að kveðja til setu í málinu sérfræðing á sviði umhverfismála. Að endingu var sett fram sú krafa að úrskurðað yrði um hæfi meðdómsmannsins á grundvelli 6. gr. laga nr. 91/1991.

- 7 Með tölvupósti 26. maí 2025 var áréttað af hálfu Landsréttar að rétturinn teldi hinn tilkvadda sérfróða meðdómsmann hæfan til þess á grundvelli menntunar og starfsreynslu að taka sæti í málunum þremur sem sérfróður meðdómsmaður. Vísað var til þess að hann hefði 19 ára starfsreynslu að baki eftir lok B.Sc. náms í rafmagns- og tölvuverkfræði. Áður hefði hann starfað í fimm ár sem rafvirki samhliða námi þar sem hann hefði numið bæði raf- og rafeindavirkjun. Þá hefði hann útskrifast með meistaragráðu í fjarskiptaverkfræði árið 2008 frá rafmagnsverkfræðideild háskólans í Karlsruhe í Þýskalandi. Í erindi Landsréttar var gerð nánar grein fyrir sérfræðipækkingu hins tilkvadda sérfróða meðdómsmanns og tengslum hennar við sakarefni málsins.
- 8 Í tölvupósti Landsréttar var leiðrétt það sem missagt hafði verið í tölvupósti lögmanns áfrýjenda um að hinn tilkvaddi sérfróði meðdómsmaður væri forstöðumaður ríkisstofnunar. Hið rétta væri að hann væri forstöðumaður netöryggissveitar Fjarskiptastofu sem væri sjálfstæð stofnun sem heyrði stjórnarfarslega undir innviðaráðuneytið. Netöryggissveitin væri hluti Fjarskiptastofu og bæri forstjóri þeirrar stofnunar ábyrgð á starfsemi og innra skipulagi sveitarinnar. Loks var tekið fram að ekki yrði ráðið af þeim gögnum sem legið hefðu frammi í héraði eða greinargerðum áfrýjenda til Landsréttar í þeim þremur málum sem um ræddi að þeim sjónarmiðum hefði áður verið hreyft að „meiri ávinningur hlytist af því að skipa sérfræðing á sviði umhverfismála“ til setu í dóminum, en fyrir lægi að rafmagnsverkfræðingur hefði verið sérfróður meðdómsmaður í héraði.
- 9 Samkvæmt framangreindu þóttu athugasemdir áfrýjenda ekki gefa tilefni til að fallið yrði frá þeim áformum að kveðja Guðmund Arnar Sigmundsson til setu í dómi í málunum þremur. Í ljósi þess var óskað eftir því við lögmann áfrýjenda að hann upplýsti Landsrétt um hvort áform umbjóðenda hans um að krefjast þess að tilkvaddur sérfróður meðdómsmaður viki sæti væru óbreytt þrátt fyrir þær viðbótarupplýsingar og skýringar sem fram hefðu komið í tilvitnuðum tölvupósti réttarins. Hinn 27. maí 2025 barst Landsrétti svar frá lögmanninum þar sem fram kom að áfrýjendur héldu andmælum sínum til streitu og að þeir krefðust þess að meðdómsmaðurinn viki sæti. Samhliða óskuðu áfrýjendur eftir því að upplýst yrði um það hvort netöryggissveitin hefði „veitt Landsnet[i] ráðgjöf og/eða gert samninga við Landsnet t.d. um tæknilega vöktunarþjónustu eða annað slíkt“.
- 10 Með tölvupósti Landsréttar 3. júní 2025 var aðilum tilkynnt að hinn tilkvaddi sérfróði meðdómsmaður hefði upplýst að netöryggissveitin hefði enga samninga gert um ráðgjöf eða tæknilega vöktunarþjónustu við stefnda Landsnet hf. Sá stefndi teldist til rekstraráðila nauðsynlegrar þjónustu, sbr. einkum 3. gr. laga nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, og til hliðsjónar b-lið 8. gr. samnefndrar

reglugerðar nr. 866/2020. Af því leiddi að stefnda Landsneti hf. bæri meðal annars að tilkynna netöryggissveit Fjarskiptastofu svo fljótt sem verða mætti um alvarleg atvik eða áhættu sem ógnaði öryggi net- og upplýsingakerfa hans. Hingað til hefði stefndi Landsnet hf. ekki þurft að sækja þjónustu netöryggissveitarinnar vegna atviks af þessu tagi. Jafnframt var tekið fram að rekstraraðilar greiddu ekki fyrir slíka þjónustu ef til kæmi. Þá væri netöryggisógnum jafnframt deilt með viðkomandi aðilum hverju sinni af hálfu sviðshóps Orkuinnviða en meðdómsmaðurinn ætti ekki sæti í þeim hópi. Að endingu var áréttað að Umhverfis- og orkustofnun færi með eftirlit gagnvart stefnda Landsneti hf. á grundvelli laga nr. 78/2019, sbr. a-lið 1. mgr. 11. gr. laganna, en ekki Fjarskiptastofa eða netöryggissveitin.

- 11 Við upphaf þinghalds 5. júní 2025 tók hinn sérfróði meðdómsmaður sæti í dómi. Í kjölfarið lagði lögmaður áfrýjenda fram bókun þar sem fram kom krafa umbjóðenda hans um að meðdómsmaðurinn viki sæti í málinu. Af hálfu stefndu var kröfunni mótmælt og var málið í kjölfarið flutt munnlega um hana.

### **Málsástæður aðila**

#### *Málsástæður áfrýjenda*

- 12 Í fyrrnefndri bókun áfrýjenda 5. júní 2025 er að meginstefnu til að finna sömu rök fyrir kröfu þeirra og áður höfðu komið fram af þeirra hálfu og reifuð eru hér að framan. Þannig er annars vegar á því byggt að hinn sérfróði meðdómsmaður sé vanhæfur til setu í dómnum og hins vegar að sérfræðikunnátta hans sé ágreiningsefninu óviðkomandi.
- 13 Hvað hið fyrrnefnda varðar benda áfrýjendur á að þeir telji það ganga á svig við hæfisreglur réttarfarslaga að starfsmaður framkvæmdavaldsins taki sæti sem sérfróður meðdómsmaður í máli gegn íslenska ríkinu. Í þessum efnum er einkum vísað til þess að íslenska ríkið njóti ekki sérstöðu sem málsaðili í dómsmáli. Framangreint fari gegn g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 .
- 14 Á því er jafnframt byggt af hálfu áfrýjenda að tengsl séu á milli netöryggissveitar Fjarskiptastofu, sem hinn sérfróði meðdómsmaður veiti forstöðu, og stefnda Landsnets hf. Verkefni stefnda og netöryggissveitarinnar séu samofin „að vissu leyti“ þar sem stefndi Landsnet hf. teljist til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 78/2019 og b-lið 8. gr. reglugerðar nr. 866/2020. Af þessu megi ráða að verkefni netöryggissveitar Fjarskiptastofu sé meðal annars að tryggja öryggi raforkukerfis landsins. Sterk tengsl séu því á milli starfssviðs netöryggissveitarinnar og röksemda stefndu í málinu þar sem rík áhersla sé lögð á mikilvægi öryggis raforkuafhendingar sem Suðurnesjalínu 2 sé ætlað að tryggja. Þá telji áfrýjendur verkefni netöryggissveitarinnar, sem sérfróði meðdómsmaðurinn stýri, hljóti að varða öryggi net- og upplýsingakerfa stefnda Landsnets hf. Áfrýjendur hafa þó sett þann fyrirvara hvað þetta varðar að upplýsingar um þetta séu að mjög litlu leyti aðgengilegar almenningi.

- 15 Varðandi þá málsástæðu að sérfræðikunnátta hins sérfróða meðdómsmanns sé ágreiningsefninu óviðkomandi byggja áfrýjendur einkum á 2. gr. a laga nr. 91/1991 og vísa til þess að ekkert hafi komið fram um að hann hafi sérþekkingu eða reynslu af háspennulínum og jarðstrengjum í flutningskerfi raforku. Ekki verði séð hvernig sérfræðikunnátta í fjarskiptum tengist sakarefninu eða hvers vegna þörf sé á slíkri sérfræðikunnátta í málinu. Meiri ávinningur væri af því að kveðja til sérfræðing á sviði umhverfismála, enda varði málið einkum umhverfisáhrif sem komi til með að stafa frá raflínunni.

#### *Málsástæður stefndu*

- 16 Stefndi Landsnet hf. byggir einkum á því að lög nr. 78/2019 og reglugerðir settar á grundvelli þeirra geti ekki orðið þess valdandi að hinn sérfróði meðdómsmaður teljist vanhæfur til að sitja í dómi í málinu. Hvorki hafi verið sýnt fram á að hann hafi sérstök tengsl við stefnda Landsnet hf., sem réttlæti að hæfi hans verði dregið í efa, né að hann skorti þá sérfræðiþekkingu sem til þurfi í málinu. Þannig sé ekki fyrir að fara beinum tengslum sem valdið geti vanhæfi meðdómsmannsins. Þá hafi ekkert verið lagt fram um að B.Sc. próf hans í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands sé ófullnægjandi menntun.
- 17 Stefndi íslenska ríkið vísar einkum til þess að það sé stór vinnuveitandi. Ríkissjóður sé launagreiðandi hins sérfróða meðdómsmanns, líkt og einnig eigi við um embættisdómara. Að öðru leyti liggja ekki fyrir nein bein tengsl milli meðdómsmannsins og stefnda íslenska ríkisins. Þá séu engin tengsl milli starfs hans og hagsmuna ríkisins í málinu. Þau sjónarmið sem áfrýjendur hafi vísað til séu of almenn til að þau geti valdið vanhæfi meðdómsmannsins. Að öðru leyti gerir stefndi íslenska ríkið málatilbúnað meðstefnda að sínum.

#### **Niðurstaða**

- 18 Að íslenskum rétti hafa aðilar ekki forræði á því hverjir skipa dóm í einkamálum sem þeir eiga aðild að. Málsaðilum er aftur á móti heimilt að gera athugasemdir við val á sérfróðum meðdómsmönnum, svo sem áfrýjendur gerðu samkvæmt áðursögðu.
- 19 Formleg þátttaka meðdómsmanns í máli fyrir Landsrétti hefst með því að hann tekur sæti í dómi í þinghaldi eigi síðar en við upphaf aðalmeðferðar máls og verður að bóka um kvaðningu hans, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 91/1991. Allt til þess tíma er unnt að breyta fyrri ákvörðun réttarins um það hver skuli kvaddur til starfa þar sem sérfróður meðdómsmaður, sbr. 5. mgr. 112. gr. sömu laga, sem samkvæmt 166. gr. þeirra á við um málsmeðferð fyrir Landsrétti. Svo sem fram er komið tók Guðmundur Arnar Sigmundsson sæti í dómi sem sérfróður meðdómsmaður í þinghaldi í málinu 5. júní 2025 og er hér samkvæmt áðursögðu til úrlausnar sú krafa áfrýjenda að honum verði gert að víkja sæti í málinu.
- 20 Eins og áður var rakið byggist krafa áfrýjenda annars vegar á því að hinn sérfróði meðdómsmaður hafi ekki til að bera þá menntun eða starfsreynslu sem þurfi til að

leysa úr málsástæðum sem á sé byggt í málinu. Hins vegar er á því byggt að hann skorti sérstakt hæfi til setu í dómi í málinu.

- 21 Hvað hið fyrrnefnda varðar er til þess að líta að ef deilt er um staðreyndir sem bornar eru fram sem málsástæður og dómari telur þurfa sérkunnáttu í dómi til að leysa úr getur hann kvatt til einn meðdómsmann sem hefur slíka kunnáttu, sbr. 1. málslið 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991. Hafi sérfróður meðdómsmaður tekið þátt í meðferð máls fyrir héraðsdómi sem fengið hefur efnislega úrlausn þar og enn er deilt um staðreyndir sem eru bornar fram sem málsástæður fyrir Landsrétti, og forseti réttarins telur þurfa sérkunnáttu í dómi til að leysa úr, getur forseti að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu dómsformanns í málinu kvatt til einn meðdómsmann sem hefur slíka sérkunnáttu og skipar hann þá dóm í máli með tveimur dómurum við Landsrétt, sbr. 1. málslið 2. gr. a. sömu laga. Þegar rætt er um sérkunnáttu í skilningi framangreindra ákvæða er um að ræða þekkingu sem verður aflað með námi eða sérhæfðri starfsreynslu.
- 22 Samkvæmt VII. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla tilnefnir dómstólasýslan hæfilegan fjölda manna með sérkunnáttu á öðrum sviðum en lögfræði til fimm ára í senn til að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna á helstu sérsviðum þar sem reynir á slíka sérkunnáttu við meðferð mála fyrir héraðsdómi og Landsrétti, sbr. 1. mgr. 39. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins ákveður dómstólasýslan á hvaða fagsviðum sérfróðir meðdómsmenn skuli tilnefndir og skal hún ganga úr skugga um að þeir sem eru tilnefndir hafi fullnægjandi þekkingu og reynslu til að geta gegnt starfi sérfróðs meðdómanda í dómsmálum á viðkomandi sérsviði. Samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum við VII. kafla í frumvarpi því er varð að lögum nr. 50/2016 er meðal markmiða þessa fyrirkomulags að tryggja að sérfróðir meðdómsmenn séu valdir að undangengnu faglegu mati.
- 23 Svo sem rakið er að framan hefur hinn sérfróði meðdómsmaður meðal annars lokið B.Sc. námi í rafmagns- og tölvuverkfræði. Þá á hann að baki hátt í tveggja áratuga langa starfsreynslu sem rafmagnsverkfræðingur. Þrátt fyrir að sú starfsreynsla sé einkum á sviði fjarskipta en ekki raforkuflutninga eru slík tengsl á milli þessara sviða að hún verður talin nýtast við úrlausn málsins á þann hátt sem greinir í 2. gr. a laga nr. 91/1991. Þessu til viðbótar liggur fyrir að hinn sérfróði meðdómsmaður hefur tvívegis hlotið tilnefningu dómstólasýslunnar til að gegna slíkum starfa sem rafmagnsverkfræðingur. Þá hafa áfrýjendur ekki byggt á því fyrir Landsrétti að héraðsdómur, sem skipaður var rafmagnsverkfræðingi, hafi verið ranglega skipaður, en deilt er um sömu staðreyndir fyrir Landsrétti og deilt var um í héraði. Þegar framangreint er metið heildstætt þykir liggja fyrir að hinn sérfróði meðdómsmaður hafi til að bera þá sérkunnáttu sem þörf er á til að leysa úr málinu.
- 24 Hvað varðar sérstakt hæfi hins sérfróða meðdómsmanns byggja áfrýjendur á því að hann sé annars vegar vanhæfur til að fara með málið á þeim grundvelli að hann sé

ríkisstarfsmaður og hins vegar vegna tengsla netöryggissveitar Fjarskiptastofu, sem meðdómsmaðurinn veitir forstöðu, og stefnda Landsnets hf.

- 25 Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, ber öllum réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur með réttlátri málsmeðferð fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Í lögskýringargögnum með ákvæðinu segir að skilyrðið um óhlutdrægan dómstól feli í sér áskilnað um að dómari í máli þurfi að vera hlutlaus og að aðilar njóti jafnræðis að því leyti. Ákvæðið sækir fyrirmynd sína einkum til 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en þar segir að þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti skuli hann eiga rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli.
- 26 Fyrirmæli um sérstakt hæfi dómara, þar á meðal meðdómsmanna, til að fara með og dæma einkamál er að finna í 5. gr. laga nr. 91/1991. Þar er lýst nánar tilgreindum atvikum eða aðstæðum í staflíðum a til f. Þegar þeim liðum sleppir segir síðan í g-lið greinarinnar að dómari sé vanhæfur til að fara með mál ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem fallnar eru til að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa. Á þessum staflíð greinarinnar byggja áfrýjendur þá kröfu sína sem hér er til úrlausnar.
- 27 Þegar lagt er mat á hæfi dómara til að fara með mál er þess að gæta að tilgangur hæfisreglna að réttarfarslögum er ekki aðeins að koma í veg fyrir að dómari dæmi mál, ef hann er hlutdrægur gagnvart aðilum þess eða sakarefninu, heldur jafnframt að tryggja traust bæði aðila máls og almennings til dómstóla með því að dómari standi ekki að úrlausn máls þegar réttmætur vafi gæti risið um óhlutdrægni hans. Við þessar aðstæður ber dómara að víkja sæti eins og ítrekað hefur verið slegið föstu í dómaframkvæmd Hæstaréttar, sbr. til dæmis dóm réttarins 2. nóvember 2022 í máli nr. 22/2022.
- 28 Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hefur við úrlausn þess hvort dómari telst óvilhallur í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans verið greint á milli athugunar sem miðar annars vegar að því að ganga úr skugga um hvaða viðhorf hafa ráðið hjá dómara í tilteknu máli og hins vegar hvort fyrir hendi eru hlutlæg atriði sem gefa réttmætt tilefni til að draga í efa að dómari sé óvilhallur. Af dómum Hæstaréttar má ráða að þessi viðmið hafa verið lögð til grundvallar við skýringu 70. gr. stjórnarskrárinnar og lagaákvæða um sérstakt hæfi dómara.
- 29 Í málinu er því ekki haldið fram að hinn sérfróði meðdómsmaður hafi einhver þau viðhorf til málsaðila eða sakarefnisins að hæfi hans til að dæma málið verði með réttu dregið í efa.
- 30 Þegar meta skal hvort hlutlæg atriði séu fyrir hendi þannig að draga meggi óhlutdrægni dómara með réttu í efa er til þess að líta að atvik eða aðstæður sem leitt geta til vanhæfis dómara á þessum grunni verða ekki talin með tæmandi hætti. Meðal þess eru aðstæður sem eru á mörkum þess að falla undir staflíði a til f í 5. gr. laga nr.

91/1991, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 18. september 2003 í máli nr. 472/2002. Ýmis önnur tengsl dómara við sakarefni máls, málsaðila, fyrirvarsmenn þeirra, vitni eða málflytjendur geta einnig valdið vanhæfi samkvæmt þessari reglu.

- 31 Við mat á því hvort fyrir hendi séu í málinu ytri atvik eða aðstæður sem gefi aðilum réttmætt tilefni til að óttast megi um óhlutdrægni hins sérfróða meðdómsmanns er til þess að líta að því er ekki haldið fram af hálfu áfrýjenda að hann hafi tengsl við sakarefni málsins, fyrirvarsmenn, vitni eða lögmenn heldur lúta þær aðstæður sem hér koma til skoðunar í meginatriðum að tengslum hans við einn aðila málsins, það er stefnda íslenska ríkið, sem eru á þann veg að hann veitir netöryggissveit Fjarskiptastofu forstöðu og er þar með ríkisstarfsmaður. Að mati áfrýjenda valda þessar aðstæður vanhæfi hans og er í þeim efnum vísað til þess að íslenska ríkið njóti ekki sérstöðu sem aðili að dómsmáli. Í dómaframkvæmd er að finna tilvik þar sem reyndi á sambærilegar aðstæður og því hafnað af hálfu Hæstaréttar að dómari viki sæti í máli sem ríkið átti aðild að sökum þess að hann væri ríkisstarfsmaður, sbr. dóm Hæstaréttar 24. júní 1959 í máli nr. 103/1959. Þó er til þess að líta að ríkari kröfur hafa verið gerðar við mat á sérstöku hæfi á síðari áratugum, sbr. í því sambandi dóm Hæstaréttar 1. mars 2023 í máli nr. 40/2022.
- 32 Að mati dómsins leiðir af eðli máls að stefndi íslenska ríkið nýtur vissrar sérstöðu sem aðili að dómsmálum, enda varða þeir hagsmunir sem undir eru í málum sem hann á aðild að oft hagsmuni almennings, líkt og við á í þessu máli, öndvert við það sem almennt á við um í málum einstaklinga eða einkaréttarlegra félaga. Þá skipta starfsmenn íslenska ríkisins þúsundum. Þeir starfa meðal annars í ráðuneytum, undirstofnunum þeirra eða hjá sjálfstæðum stjórnvöldum sem hafa þau einu tengsl að tilheyrja sama handhafa ríkisvaldsins. Eins og áður er rakið starfar hinn sérfróði meðdómsmaður hjá Fjarskiptastofu, sem heyrir stjórnarfarslega undir innviðaráðuneytið. Því hefur ekki verið haldið fram af hálfu áfrýjenda að hann eða fyrrgreind stjórnvöld hafi haft aðkomu að sakarefni málsins. Þá hafa áfrýjendur heldur ekki byggt á því að hann hafi sérstakra persónulegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins. Að þessu gættu og með hliðsjón af öðru því sem að framan er rakið verður að telja þau tengsl hins sérfróða meðdómsmanns við stefnda íslenska ríkið sem áður er lýst svo almenn að þau geti ekki ein og sér leitt til þeirrar niðurstöðu að hann teljist vanhæfur til setu í dómi í málinu.
- 33 Hvað tengsl netöryggissveitar Fjarskiptastofu og stefnda Landsnets hf. varðar byggja áfrýjendur á því að verkefni netöryggissveitarinnar varði öryggi net- og upplýsingakerfa stefnda Landsnets hf. Um netöryggissveitina og hlutverk hennar er fjallað í lögum nr. 78/2019 og starfar hún á grundvelli laganna og reglugerða settum samkvæmt þeim. Meðal markmiða og hlutverks netöryggissveitar Fjarskiptastofu er að fyrirbyggja og draga úr hættu á netárásum og öðrum atvikum á Íslandi og takmarka útbreiðslu þeirra og tjón eins og kostur er. Það gerir hún meðal annars með fyrirbyggjandi aðgerðum með ráðgjöf, upplýsingamiðlun, útgáfu leiðbeininga og

tilkynninga og, ef við á, tilmælum um ákveðnar aðgerðir vegna atvika og áhættu, sbr. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 480/2021 um netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar (CERT-ÍS). Hún bregst jafnframt við tilkynningum um atvik og áhættu samkvæmt lögum nr. 78/2019 og lögum nr. 81/2003 um fjarskipti með veitingu upplýsinga og/eða ráðgjöf um viðbrögð og aðgerðir, eftir því sem tilefni og nauðsyn ber til, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 480/2021. Netöryggissveit Fjarskiptastofu gegnir þannig lögbundnu hlutverki hér á landi í tengslum við net- og upplýsingaöryggi.

- 34 Af ákvæðum laga nr. 78/2019 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra leiðir jafnframt að það kemur fyrst og fremst í hlut rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, svo sem stefnda Landsnets hf., að tryggja öryggi eigin net- og upplýsingakerfa. Í því skyni geta rekstraraðilar upp að vissu marki samið við þriðja aðila en fyrir liggur að stefndi Landsnet hf. hefur ekki gert slíkan samning við netöryggissveitina, líkt og rakið er í efnisgrein 10 hér að framan. Svo sem þar er einnig rakið liggur og fyrir að stefndi Landsnet hf. hefur ekki leitað til netöryggissveitar Fjarskiptastofu vegna alvarlegs atviks eða áhættu á grundvelli fyrrgreindra laga en þeir sem það gera greiða ekki fyrir þjónustu sveitarinnar í slíkum tilvikum. Er því ekki til staðar viðskiptasamband milli netöryggissveitarinnar og stefnda Landsnets hf. og því ekki fyrir að fara slíkri aðstöðu sem uppi var í dómi Hæstaréttar 18. október 2023 í máli nr. 7/2023, þar sem sérfróður meðdómsmaður hafði þegið greiðslu fyrir tiltekna þjónustu sem hann veitti stefnda, eða dómi Hæstaréttar 29. apríl 2004 í máli nr. 390/2003, þar sem sérfróður meðdómsmaður hafði annast tækniþjónustu og ráðgjöf fyrir einn málsaðila, en áfrýjendur hafa vísað til beggja þessara dóma til stuðnings málatilbúnaði sínum.
- 35 Þegar það er virt sem hér hefur verið rakið þykja ekki vera slík tengsl á milli netöryggissveitar Fjarskiptastofu, sem hinn sérfróði meðdómsmaður veitir forstöðu, og stefnda Landsnets hf. að réttmætur vafi geti talist vera fyrir hendi um óhlutdrægni hans í málinu. Samkvæmt því og öðru framangreindu eru ekki fyrir hendi hlutlæg atriði sem gefa réttmætt tilefni til að draga í efa hæfi hins sérfróða meðdómsmanns til setu í dómi í málinu.
- 36 Með vísan til alls þess sem að framan er rakið verður ekki á það fallist með áfrýjendum að fyrir hendi séu atvik eða aðstæður sem eru til þess fallnar að draga megi óhlutdrægni Guðmundar Arnar Sigmundssonar með réttu í efa í skilningi g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991. Verður kröfu áfrýjenda um að honum verði gert að víkja sæti í málinu því hafnað.
- 37 Ákvörðun um málskostnað vegna þessa þáttar málsins bíður efnisúrlausnar þess.

### **Úrskurðarorð:**

Guðmundur Arnar Sigmundsson víkur ekki sæti sem sérfróður meðdómsmaður í máli þessu.

